

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Eskja hf. Eskifirði Eskifjörður



<b>Dags eftirlits</b>	9.9.2015	<b>Fulltrúi UST</b>	Leifur Þorkelsson
<b>Fyrirtæki</b>	Eskja hf. Eskifirði	<b>Fulltrúi UST</b>	
<b>Heimili</b>	Strandgötu 2/Marbakka	<b>Tegund eftirlits</b>	Framselt eftirlit
<b>Kennitala</b>	6301694299	<b>Flokkur</b>	Fiskimjölsverksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Haukur L. Jónsson	<b>ÍSAT nr.</b>	15.20.7
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	734232,988 517289,471

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Verksmiðjan starfar nú samkvæmt nýju starfsleyfi, útgefnu þann 2. september sl. Fyrri leyfi féll úr gildi þann 1. febrúar sl. Á meðan beðið var eftir nýju starfsleyfi var verksmiðjan starfrækt í samræmi við undanþágu frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu.

Starfsemi verksmiðjunnar er hagað í samræmi við starfsleyfi og hvorki komu fram frávik né athugasemdir í eftirlitsferðinni.

Vakin var athygli á því að í samræmi við nýtt starfsleyfi þarf fyrir árslok að mæla hávaða frá verksmiðjunni og hraða útblásturslofts frá skorsteini. Mörk fyrir TVN í hráefni eru lægri en í eldra leyfi, verksmiðjan þarf nú að skila inn útstremisbókhalda árlega og hún þarf einnig að vinna umhverfismarkmið.

## UMFANG EFTIRLITS

Í upphafi var fundað með fulltrúa fyrirtækisins og farið yfir síðustu eftirlitsskýrslu vegna eftirlitsferðar sem farin var 20. nóvember 2014. Í þeirri skýrslu komu hvorki fram frávik ná athugasemdir en vakin var athygli á gildistíma starfsleyfis.

Engar kvartanir hafa borist vegna starfseminnar það sem af er ári.

Í sumar kom upp bilun í soðkjarnatæki í verksmiðjunni sem varð til þess að eitthvað af soði fór í sjóinn. Á meðan beðið var eftir varahlut erlendis frá og viðgerð á tækinu voru skilvindur verksmiðjunnar keyrðar varlega og með því komið í veg fyrir að fita og þurrefni bærust frá henni, frárennslivatn var þó litað af soði á meðan þetta ástand varði. Lagfæringu á tækinu var lokið rúmlega viku eftir að bilunin varð.

Vinnsla hefur verið nokkuð stöðug í verksmiðjunni undanfarið ár og ekki hefur komið til þess að hún hafi verið stopp í meira en mánuð. Frá áramótum hefur verksmiðjan unnið úr um það bil 80.000 tonnum af hráefni. Fram kom að síðustu vikunnar hefur verksmiðjan verið keyrð á olíu þar sem ekkert framboð er á ótryggri raforku.

Farið var yfir starfsleyfi verksmiðjunnar sem gefið var út þann 2. september sl.

Áætlun um frágang vegna rekstarstöðvunar er til staðar í samræmi við grein 1.5 og tekur hún bæði til tímabundinnar og endanlegrar stöðvunar.

Ekki hefur komið til þess að TVN mælist yfir viðmiðunarmörkum það sem af er ári. Vakin var athygli á því að skv. nýju starfsleyfi eru viðmiðunarmörk fyrir TVN í hráefni 100 mg N/ 100 g í stað 120 í eldra leyfi.

Vakin var athygli á því að skv. nýju starfsleyfi þarf að framkvæma mælingar á ryki í útblæstri frá olúbrennurum. Losunarmörk vegna ryks koma fram í töflu í grein 2.9.

Grænu bókhalda vegna ársins 2014 hefur verið skilað í samræmi við grein 3.3. Vakin var athygli á því að skv. nýju starfsleyfi þarf verksmiðjan nú einnig að skila inn útstremisbókhalda. Skiladagur útstremisbókhalda er sá sami og græns bókhalds, 1. maí ár hvert.

Sýni voru tekin af fráveituvatni frá verksmiðjunni á kolmunnavertíð í maí sl. Niðurstöður koma fram í skýrslu frá verkfræðistofunni Eflu sem skilað var inn þann 2. júní sl. Magn mengandi efna í frárennslu

mældist innan þeirra viðmiðunarmarka sem fram koma í grein 2.17.

Vakin er athygli á því að skv. nýju stafsleyfi ber rekstraraðila að setja sér umhverfismarkmið í samræmi við grein 4.1. Þar kemur einnig fram að ef umhverfismarkið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi er fullnægjandi að vísa til þeirra. Umhverfismarkmið skulu endurskoðuð á fjögurra ára fresti.

Til staðar er áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar í samræmi við grein 4.4.

Að lokum var gengið um verksmiðjuna og athafnasvæði hennar. Vinnsla var ekki í gangi en unnið var að almennu viðhaldi. Gólf í verksmiðju og í löndunarhúsi voru þurr og hrein og hvergi varð vart mengunar af neinu tagi sem rekja má til starfseminnar.

#### **ANNAÐ**

Minnt er á að fyrir 1. janúar 2016 á að mæla hraða útblásturslofts frá skorsteini. Hávaða frá verksmiðjunni þarf að mæla fyrir árslok.

Reykjavík, 14.09.2015



---

Leifur Þorkelsson

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.